

Fundargerð aðalfundar Rauða kross Íslands
haldinn laugardaginn 17. maí 2008 í Menntaskólanum í Kópavogi

Fundurinn hófst kl. 09:08

Setningarávörp

Ómar H. Kristmundsson, formaður Rauða kross Íslands, bauð gesti velkomna og sérstaklega Fernöndu Teixeira frá mósambiska Rauða krossinum sem hann ávarpaði á portúgölsku. Sagði Ómar viðeigandi að halda fundinn í Kópavogi, þar sem Kópavogsdeild ætti 50 ára afmæli um þessar mundir. Minnti hann á mikilvægi þess að varðveita söguna en Kópavogsdeild gaf af tilefni afmælisins út sögu deildarinnar. Ómar nefndi þátt Kópavogsdeildar í undirbúningi opunar hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar og sagði að félagið ætti ekki að hætta að takast á við stór verkefni og hafa í hávegum orðin „Ég þori, get og vil”

Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi

Gunnar ræddi um ritið “Verkin tala” sögu Kópavogsdeildar og hvernig verkefni deildarinnar hafa verið unnin af mannúð og fórnýsi á undanförunum árum og sérstaklega þau verkefni sem deildin og Kópavogsbær hafa unnið saman að. Gunnar bauð fundarmenn velkomna í Kópavog, þakkaði fyrir samstarfið sl. 50 ár og hlakkar til áframhaldandi samstarfs.

Garðar H. Guðjónsson, formaður Kópavogsdeildar

Garðar sagði það sérstaka ánægju að fundurinn væri í Kópavogi á 50 ára afmælisári deildarinnar og þakkaði góð orð í garð deildarinnar. Garðar minntist á ritun 50 ára sögu deildarinnar og sagðist stoltur af þeirri sögu og að hún varðveittist. Sagði Garðar það dýrmætt að eiga farsælt samstarf við bæjaryfirvöld og afhenti síðan Gunnari Birgissyni bæjarstjóra áritað eintak af sögu Kópavogsdeildar Rauða krossins. Að lokum vonaðist hann eftir góðum fundi, hvatti fólk til þátttöku og að hika ekki við að láta hug sinn í ljós.

Tónlistaratriði:

María Ösp Ómarsdóttir og Björgvin Birkir Björgvinsson fluttu verk eftir Händel á þverflautu og gítar

Viðurkenningar til sjálfbóðaliða og verkefna

Pálína Jónsdóttir, Kópavogsdeild. Hefur verið sjálfbóðaliði í ýmsum verkefnum deildarinnar í yfir 20 ár. Pálína hefur tekið þátt í stefnumótun og undirbúningi verkefna Kópavogsdeildar og átti sæti í ritnefnd vegna sögu deildarinnar í 50 ár.

Rúna Hilmarsdóttir, Kópavogsdeild. Hefur verið sjálfboðaliði í ýmsum verkefnum deildarinnar frá 1994. Rúna er fjöldahjálparstjóri og fulltrúi Kópavogsdeildar í neyðarnefnd höfuðborgarsvæðisins og situr í verkefnastjórn Hjálparsímans.

Sveinsína Andrea Árnadóttir, Akranesdeild. Hefur verið sjálfboðaliði frá 1974 og hefur í mörg ár gegnt stöðu hópstjóra sjúkravina og síðan heimsóknavina sem hafa það að markmiði að sinna sjúkum og einmanna og standa fyrir félagsstarfi með öldruðum.

Unnur Hjálmarsdóttir Reykjavíkurdeild. Gekk til liðs við Ungmennadeild Reykjavíkurdeildar 13 ára gömul, hefur tekið þátt í og stjórnað mörgum verkefnum í ungmennastarfi og deildar- og alþjóðastarfi. Hún er varaformaður Reykjavíkurdeildar.

Valborg Helgadóttir, Reykjavíkurdeild. Hún fór snemma að starfa með kvennadeild Reykjavíkurdeildar og var á sínum tíma í undirbúningshópi sem starfað hefur með börnum innflytjenda og aðstoðað við heimanám og málörvun. Valborg hefur verið öflugur sjálfboðaliði og á tímabili skilaði hún allt að 40 tímum á viku í sjálfboðið starf fyrir deildina.

Verkefni sem hlutu viðurkenningu eru:

Garðabæjardeild fyrir verkefnið *Félagsvinur* –“ *Mentor er málið*”, tilraunaverkefni til 2ja ára sem hófst síðastliðið haust. Verkefnið felst í því að konur styðja kynsystur sínar úr hópi innflytjenda til aðlögunar og til að nýta styrkleika sína í íslensku samfélagi og eru 30 þör starfandi í dag. Formaður Garðabæjardeildar tók á móti viðurkenningunni.

Rauða kross deildir á höfuðborgarsvæðinu vegna viðbragðshóps um neyðarvarnir.

Viðbragðshópurinn sinnir neyðaraðstoð vegna alvarlegra atburða utan skipulags almannavarna. Hópurinn samanstendur af 17 sjálfboðaliðum frá öllum deildum á höfuðborgarsvæðinu (Álfranes-, Garðabæjar-, Hafnarfjarðar-, Kjósarsýslu-, Kópavogs- og Reykjavíkurdeild) og á hverjum tíma eru 3 aðilar á bakvakt. Fulltrúar deildanna tóku við viðurkenningunni.

Kaffihlé

Aðalfundarstörf skv. 6.gr. laga Rauða kross Íslands:

1. Stjórnin athugar kjörbréf fulltrúa deilda og leggur fram til úrskurðar fundarins.

Mættir á fund eru 126 fulltrúar frá 47 deildum. Lagt var til að ekki þyrfti að lesa upp nöfn allra fundarmanna og var það samþykkt. Kjörbréf borin upp og samþykkt.

2. Fundarstjóri kosinn:

Þóra Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri Styrktarfélagsins Áss.

3. Fundarritari kosinn:

María Helena Haraldsdóttir svæðisfulltrúi á Austurlandi

Jóhanna Róbertsdóttir svæðisfulltrúi á Suðurlandi og Suðurnesjum

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og úrskurðaði að fundurinn væri lögmætur.

4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu.

Ómar H. Kristmundsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar.

Starf félagsins var fjölbreytt að venju og tekist var á við mörg krefjandi verkefni bæði innanlands og erlendis á árinu 2007. Endurskoðun á stefnu félagsins til ársins 2010 var samþykkt á aðalfundi félagsins 2007. Stefnan ber heitið “Byggjum betra samfélag.” Þar er rík áhersla lögð á að rjúfa félagslega einangrun og sinna verkefnum sem efla starf með innflytjendum og aðlögun að íslensku samfélagi. Eitt meginstarf Rauða krossins verður að efla starf heimsóknavina svo þeir verði starfandi í öllum deildum félagsins. Ómar sagði frá umfangsmikilli kynningarviku sem fór fram í október sl. Markmiðið var að skapa stemningu meðal almennings og fyrirtækja um að styðja starfið innanlands, efla þjónustu við skjólstæðinga félagsins og fjölga sjálfboðaliðum. Sjálfboðaliðar voru áberandi á fjölförnum stöðum og voru margar deildir með opið hús, aðrar með námskeið, tónlistarviðburði eða markaði. Forsetinn tók þátt í kynningunni og heimsótti deildir. Um 650 nýir sjálfboðaliðar komu til liðs við félagið á árinu og flestir vildu vinna sem heimsóknavinir. Félagið náði til tæplega helmings landsmanna með auglýsingum, kynningum og fjölmiðlaumfjöllun þessa viku. Þá jókst stuðningur fyrirtækja. Auglýsingaherferð var kostuð af þremur fyrirtækjum og var SPRON stærsti styrktaraðilinn en Baugur og Alkan veittu einnig veglega styrki. Ákveðið hefur verið að hafa kynningu á innanlandsverkefnum félagsins annað hvert ár.

Heimsóknavinum fjölgaði um 93% á árinu og fjöldi gestgjafa tvöfaldaðist og er nú um 400. Hundum sem fóru í heimsóknir fjölgaði úr níu í tuttugu. Deildum sem eru með heimsóknavini fjölgaði úr 22 í 27. Þessi gríðarlega aukning sýnir að deildum er full alvara með að draga úr félagslegri einangrun í íslensku samfélagi.

Starf með innflytjendum jókst á árinu og markvisst var unnið að því að fá innflytjendur til starfa hjá Rauða krossinum og þróa verkefni sem stuðla að bættri aðlögun að íslensku samfélagi. Stjórn Rauða krossins setti á stofn ráðgjafarhóp innflytjenda og var ákveðið að veita 45 millj. króna til verkefna deilda félagsins á sviði innflytjendamála.

Starf ungmennahreyfingarinnar jókst og um 50 þátttakendur víðs vegar af landinu tóku þátt í landsmóti URKI. Stjórn URKI stofnaði þrjár málefnanefndir sem eiga að vera stjórn til ráðgjafar, verkefnanefnd, alþjóðanefnd og ritnefnd.

Tekið var á móti 30 flóttamönnum frá Kólumbíu. Um eitt hundrað stuðningsaðilar tóku þátt í verkefninu. Rauði krossinn fagnaði þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að taka veglega á móti hópi flóttamanna til landsins. Með ákvörðuninni hefur Ísland slegist í hóp annarra Norðurlandþjóða um að taka á móti flóttamönnum á hverju ári. Flóttafólki hefur gengið mjög vel að aðlagast á Íslandi og hafa vinnubrögð hérlendis við móttöku flóttafólks vakið eftirtekt Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem vill kanna hvort sú aðferðafræði sem unnið hefur verið eftir hér á landi verði nýtt sem fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir.

Ný Fjölsmiðja var opnuð á Akureyri í júlí sl. sem ætlað er að aðstoða ungt fólk á Eyjafjarðarsvæðinu sem hefur ekki náð að fóta sig á vinnumarkaði eða hefur flosnað upp úr skóla. Ungmönnum er hjálpað við að finna sér stað í lífinu og byggja sig upp fyrir framtíðina. Starfið byggir á reynslu Fjölsmiðjunnar í Kópavogi.

Helstu verkefni á erlendum vettvangi:

Alþjóðastarf Rauða kross Íslands beindist eins og áður á því að styðja og efla heimafólk í fátækustu löndum heims. Rauða kross deildir leggja áherslu á að efla getu heimamanna til að takast á við þau verkefni sem þau sinna m.a. í gegnum vinadeildasamstarf, í samvinnu við systurfélögin eða með því að styðja Alþjóðasambandið. Áfram var bein samvinna við sex systurfélög í Afríku og Mið-Austurlöndum auk þess sem stutt var við hjálparstarf Alþjóða Rauða krossins með fjárframlögum og íslensku starfsfólki. Hvað snertir þróunarsamvinnu var áfram unnið að heilbrigðis- og félagsverkefnum og uppbyggingu á starfi deilda og landsfélaga. Haldið var áfram að byggja upp heilsugæslu í Mósambík, stuðning við Malaví og Suður Afríku og börn í Sierra Leone fengu endurhæfingu. Í Palestínu fengu börn sálrænan stuðning vegna átakanna þar. Nánast allar deildir félagsins voru í vinadeildasamstarfi við systurdeildir í Afríku.

Sendifulltrúar störfuðu í vestan-, austan- og sunnanverðri Afríku auk Mongólíu. Ný heilsugæslustöð var opnuð í Malaví í samvinnu við Rauða kross Íslands og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Stöðin þjónar íbúum sjö þorpa á svæðinu þar sem búa alls um 8000 manns.

Neyðaraðstoð var veitt til hjálparstarfs á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins vegna stríðsátaka í Afganistan, Írak, Palestínu, Sómalíu og Íran. Fjármagni var veitt til hjálparstarfs á vegum Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans vegna fellibylja í Bangladesh, Filippseyjum og í Mið-Ameríku og flóða í Úganda. Einnig vegna fellibylja og flóða í Pakistan og Mósambík og flóðs sem skall á Salomonseyjum.

Sendifulltrúar voru að störfum vegna náttúruhamfara í Mósambík og Pakistan og matvælaaðstoðar í Malaví.

Rauði kross Íslands lagði fram áheiti á Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans um áhrif umhverfisvandamála og loftslagsbreytinga á lífskjör fólks í fátækum löndum. Sex af hverjum tíu neyðarbeiðnum sem Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans sendu voru vegna náttúruhamfara.

Stjórn Rauða kross Íslands vill þakka félagsmönnum og starfsfólki vel unnin störf á árinu 2007. Einnig vill hún koma á framfæri þakklæti til stjórnvalda, styrktaraðila og velunnara Rauða krossins fyrir öflugan stuðning á árinu.

Óhætt er að segja að starfið á undanförunum árum hafi beinst að því að skerpa áherslur félagsins með setningu stefnu á árinu 2003 og endurskoðun hennar á árinu 2007. Félagið hefur starfað vel á árinu 2007 að þeim nýju verkefnum að rjúfa félagslega einangrun, að vinna að eflingu starfs með innflytjendum og kynna starfið betur. „Ég tel að þessi vinna hafi skilað starfi sem er betur í samræmi við þarfir samfélagsins og okkur hafi tekist að skýra sérstöðu félagsins á innanlandsverkefnum. Hins vegar þurfum við í auknum mæli að sýna styrkleika okkar í fleiri öflugum verkefnum á áherslusviðum félagsins. Við þurfum einnig að gera okkur meira gildandi á alþjóðavettvangi, bæði í þróunarsamvinnu og starfi henni tengdri og við þurfum að skapa okkur sérstöðu. Breytingar á skipulagi í þróunarsamvinnu á Íslandi gefur okkur sóknarfæri sem við þurfum að nýta okkur“ sagði Ómar Kristmundsson formaður.

Umræður um skýrsluna.

Anh–Dao Tran, Reykjavíkurdeld

Ræddi málefni flóttafólks og innflytjenda og Innflytjendasjóð, sem hafi styrkt verkefni meðal innflytjenda. Anh–Dao þakkaði landsskrifstofu og deildum fyrir mikið og gott starf að málefnum innflytjenda.

Ólafur R. Gunnarsson Garðabæjardeild

Þakkaði stjórn og félögum öllum fyrir mikið og gott starf. Sérstaklega þakkaði hann fyrir að kynning á innanlandsstarfi hefði farið fram og fagnaði því að það eigi að verða fastur liður hjá hreyfingunni. Ólafur sagði kynningarvikuna hafa hjálpað til að fá nýtt fólk til stjórnarstarfa fyrir deildina og færri hefðu komist að en vildu og því hafi verið stofnuð varastjórn. Ólafur minnti á mikilvægi Fjölsmiðjunnar, að starfið væri mjög nauðsynlegt og þörfin gífurleg. Hann fagnaði því að Fjölsmiðja hefði tekið til starfa á Akureyri og sagðist vona að í framtíðinni verði fleiri Fjölsmiðjur settar á stofn víðar á landinu.

6. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Gunnar Frímannsson, gjaldkeri stjórnar, lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá. Ársreikningurinn eins og hann hefur verið gerður sl. þrjú ár er samstæðureikningur þar sem rekstur allra deilda og landsfélagsins er tekinn saman í eitt uppgjör.

Gunnar byrjaði á því að sýna þróunina frá árinu 2002 og hafa kassatekjurnar verið mjög stöðugar síðustu fjögur ár. Fjármunatekjur hafa farið vaxandi á síðustu árum. Gunnar fór yfir tekjuskiptingu á árinu 2007 og byrjaði á sjúkrabílasjóðnum þar sem hlutur ríkisins fer vaxandi og Rauða krossins minnkandi. Samningsbundin verkefni við stjórnvöld eru 11% af tekjum Rauða krossins og eru tekjur vegna sjúkraflutninga langstærsti hluturinn. Útgjöld: Innanlandsverkefni hafa hækkað á árinu 2007 sem skýrist af því að talsverður tekjuafgangur var á árinu 2006 sem rann inní sjóði félagsins. Stjórn félagsins ákvað að ráðstafa þessum tekjum í verkefni á árinu 2007 svo sem innflytjendaverkefni og Fjölsmiðjuna á Akureyri sem Rauði krossinn tók þátt í að stofna.

Gunnar sýndi skiptingu kassatekna á árinu 2007: alþjóðleg verkefni eru 25% af útgjöldum og skiptist þannig að þróunaraðstoðin er tæp 60%, neyðaraðstoð tæp 24% og alþjóðasamstarf tæp 17%. Sjúkrabílasjóður er rekinn með lítilsháttar hagnaði, sameiginlegur kostnaður á landsskrifstofu er 50% og innlendu verkefni eru 37%. Heildarniðurstaðan sýnir að það er nokkur halli á rekstri landsskrifstofunnar sem skýrist af tekjuafgangi sem varð á árinu 2006 en var ráðstafað á árinu 2007. Ákveðið var að aukinn hluti kassatekna færu til deilda.

Eignir: Í liðnum eignir og skuldir stendur ógreitt vegna verkefna 8% en það eru fjármunir sem búið er að eyrnamerkja en eftir er að greiða út. Almennar skuldir eru ekki nema 3% af heildarkökunni. Bundið eigið fé er varasjóður, fasteignir og bílar. Eigið fé skiptist þannig: deildir 33%, sjúkrabílasjóður 15% og landsskrifstofa með helming.

Umræður um reikningana

Birgir Freyr Birgisson, gjaldkeri Reykjavíkurseildar.

Óskaði eftir útskýringum áeftirfarandi liðum reikninga: rekstrarframlag til Reference Center kr. 1 millj., forvarnir vegna ungmenna kr. 13 millj., sjálfboðaliðamál kr. 24 millj., varðandi neyðarvarnir kr. 1,7 millj. og málefni útlendinga kr. 53 millj. Birgir sagði þetta nýja form á rekstarreikningnum ekki gefa nægilega góða mynd af rekstri landsskrifstofunnar, hann sé enn að læra á nýju útgáfuna.

Rúnar Helgason, formaður Suðurnesjadeildar

Sagði kosti og galla við samstæðureikninginn. Erfitt að gera sér grein fyrir því hvað séu reikningar landsskrifstofunnar og hvað kostnaður deilda. Óskaði eftir frekari útlistun reikninga og benti á niðurstöðutölur vegna sjúkrabílasjóðs sem hann hélt að væri 28,9 millj. krónu halli en kemur í ljós að það sé hagnaður.

Unnur Hjálmarsdóttir, Reykjavíkurdæld

Óskaði eftir útskýringu á sameiginlegum kostnaði sem er 40%; hvað væri í þeirri tölu sem væri frekar há. Einnig óskaði hún skýringa á sjóði til ávöxtunar vegna sölu á Rauðarárstíg. Unnur spurði hvers vegna deildir gætu ekki gert þetta fyrst landsskrifstofan getur það.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri svaraði framkomnum fyrirspurnum.

Sagði samstæðureikning ákvörðun sem var tekin og verður hugsanlega að ræða aftur. Reference Center er miðstöð Alþjóðasambands Rauða krossins í Kaupmannahöfn sem hefur það hlutverk að styðja við starf í sálrænum stuðningi innan hreyfingarinnar. Þetta er framlag í það starf og hefur verið svona í nokkur ár.

Sjálfbóðaliðamálin; meirihluti er vegna sjálfbóðamiðstöðva deilda og kynningarvirkunnar. Málefni útlendinga; stjórn ákvað, eins og kunnugt er, að setja á stofn sjóð með kr. 45 milljónum í þennan málaflokk og er búið að ráðstafa ca. 17 milljónum til verkefna hjá deildum.

Neyðarvarnir; þetta er kostnaður við æfingar, ekki kostnaður deilda.

Varðandi sameiginlegan kostnað þá er um að ræða 40% af kassatekjum sem skv.

lögum félagsins rennur í sameiginlegan kostnað s.s. í rekstur landsskrifstofunnar.

Kristján kvaðst mundu skýra rekstur landsskrifstofu og sjúkrabilasjóðs betur þegar fjárhagsáætlun yrði lögð fram. Varðandi forvarnir vegna ungmenna þá var stærsti liðurinn rekstur fjölskyldumiðstöðvar sem er verkefni hjá Reykjavíkurdæld, tæpar 8 millj., sagði framkvæmdastjóri.

Jón Þorsteinn Sigurðsson, formaður URKÍ

Spurði út í kostnað vegna sumarþúða fatlaðra á Löngumýri, sem tæki gífurlegt stökk á milli ára.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri útskýrði kostnað vegna sumarþúða að Löngumýri, sem er samstarfsverkefni nokkurra svæða. Rauða krossinum voru gefnar kr. 20 millj. af ónafngreindum aðila, sem nýttar verða til þessa verkefnis. Framlagið mun dreifast á nokkur ár en bókhaldslega var það skuldfært á eitt ár.

Reikningar bornir upp til atkvæða og samþykktir samhljóða.

7. og 8. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta reikningsárs lögð fram til umræðu.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri, gerði grein fyrir áætluninni.

Framkvæmdaáætlunin nær til verkefna félagsins í heild en fjárhagsáætlun er einungis fyrir landsskrifstofu og sjúkrabilasjóð. Áætlunin er endurskoðuð á miðju ári. Ljóst er að við þá endurskoðun verða gerðar breytingar, aðallega hvað varðar aðþjóðaverkefni sem skýrist m.a. af breyttu gengi gjaldmiðla og aukinni tíðni hamfara í heiminum.

Áætlað er að kassatekjur verði þær sömu og á síðasta ári. Framlag frá ríki hækkar samkvæmt samningi um sjúkrabílaþjónu og þar af leiðandi lækkar framlag Rauða krossins. Í farvatninu eru aukin verkefni í Afríku í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun en fjármagn til þróunarsamvinnu er að aukast. Meiri fjáröflun verður á árinu með “Göngum til góðs” sem verður í október á þessu ári, sagði framkvæmdastjóri. Fjármunatekjur eru áætlaðar svipaðar og í fyrra. Sjúkraflutningarnir eru svipaðir og í útbreiðsluverkefnum er hækkun uppá 10% sem er vegna aukinnar starfsemi á sviði mannréttindamála og mannúðarlaga. Kristján skýrði út hvernig tekjur félagsins skiptast á mynd.

Framkvæmdaáætlun sem nú er unnin eftir samþykktri stefnu félagsins frá aðalfundi 2007 er aðgerðamiðuð og með sautján undirmarkmiðum. Á sl. ári tókst vel að kynna starfsemi félagsins innanlands en einnig þarf að halda alþjóðastarfinu vel á lofti og alltaf spurning hvernig því jafnvægi er haldið.

Stór hluti af verkefnum félagsins eru sífelluverkefni. Verkefni eins og neyðarvarnir og neyðaraðstoð. Verklagsreglur varðandi neyðaraðstoð innanlands utan almannavarna hafa verið endurskoðaðar í ljósi reynslunnar og þakkaði Kristján öllum deildum fyrir athugasemdir og ábendingar. Kristján nefndi stór verkefni eins og hjálparsímann 1717, skyndihjálp, sjúkraflutninga, námskeið í sálrænum stuðningi og almennri skyndihjálp sem eru allt sífelluverkefni.

Varðandi neyðaraðstoð erlendis þá er sendifulltrúum að fækka. Sendifulltrúar koma nú flestir frá nágrannaríkjum landanna þar sem hamfarir verða.

Þróunarstarfið byggist fyrst og fremst á samstarfi við landsfélög og stuðningi við þau. Við erum að vinna á sömu svæðum og áður, Mósambík, Palestínu, Malaví og erum að bæta við þróunarsamvinnu við Ísrael

Á formannafundi var rætt um þátttöku ungs fólks og að fjölga þyrfti ungu fólki í starfi og stjórnnum deilda. Nota þarf aðgerðir eins og maður á mann aðferðina en ýmislegt stendur þó til hjá ungu fólki í félaginu. Má þar nefna áfanga í sjálfböðnu starfi í framhaldsskólum, hlutverkaleikinn “Á flóttu”, skyndihjálparhópa, landsmót URKI og vonandi verður öflugt sumarmót URKI á Löngumýri í sumar.

Fjáröflun: Göngum til góðs verður 4. október. Í ár verður safnað fé til sameiningar fjölskyldna sem hafa sundrast vegna átaka. Innheimta á félagsgjöldum hefur skilað betri heimtum en er nokkuð dýr. Samkomulag hefur náðst við Iceland Express um að hafa myntsöfnun í flugvélum félagsins. Reglur um fjárframlög til ríkisins til þróunarverkefna eru orðnar skýrari og kröfur orðnar meiri. Allt fjármagn sem ríkisvaldið hefur ákveðið að láta renna til hamfaranna í Mjanmar og Kína fer í gegnum Rauða krossinn. Á sl. ári fékk

Rauði krossinn staðfestingu Evrópusambandsins að hann geti sótt í neyðarsjóð þess. Það erum við að gera núna með öðrum landsfélögum vegna verkefnis í Palestínu.

Fatasöfnunin skilaði kr. 18 millj. rekstarafgangi á sl. ári. Jákvæð þróun er að deildir hafa verið að afla styrktaraðila til sinna eigin verkefna. Hvatti Kristján deildir til að nýta sér þjónustu verkefnastjóra fjáröflunar á landsskrifstofu.

Kristján benti á að áætlanir eru mikilvægt tæki sem ættu ekki að vera óskalisti heldur raunhæfar. Að deildir einbeiti sér að færri verkefnum og árangursmælingar beri árangur. Nú er hægt að nýta sér heimsiðuna við gerð verkefnaáætlana og eru deildir hvattar til að nýta sér hana.

Kristján sagði að við ættum að vera stolt af því sem við gerum og láta vita af því. Við eigum að segja og sýna að það sé gaman að vera í Rauða krossinum.

Umræður um fjárhags- og framkvæmdaáætlun

Jón Þorsteinn Sigurðsson formaður URKI

Tekur undir orð Kristjáns um að auka þátttöku ungs fólks í Rauða kross starfi. Jón spurði hver aðstoðaði við að þýða fyrir útlendinga og hver bæri kostnað af því.

Sveinn Kristinsson, formaður Akranesdeildar

Minnti á mikilvægi áætlana og er mjög glaður með framkvæmdaáætlunina. Í upphafi voru menn feimnir að segja frá því sem þeir voru að gera og var eins og sumar deildir væru ekkert að gera. Síðan var búið til ákveðið form og stig af stigi hafa verkefni verið skráð og mælikvarði settur á þau og sjálfbóðaliðar settir sem ábyrgðaraðilar á verkefnin. Félaginu hefur farnast svo vel í samfélaginu að nú tekur þjóðin miklu betur eftir því sem gert er. “Vil ég þakka Ómari formanni fyrir okkar hönd hér í salnum fyrir hans starf, hann var góður formaður. Mun hans arfleið búa í þessum skjölum.” sagði Sveinn. Hann hvatti fundarmenn til að skoða áætlunina og hve verkefni deilda eru mörg og fjölbreytt. “Það er ný stefna að þegar sjálfbóðaliðar félagsins eru að vinna að mannúðarmálum, þá koma árásir utan úr bæ. Við þurfum að bregðast við því með því að fræða almenning. Fordómar byggjast á fáfræði fyrst og fremst” sagði Sveinn ennfremur. Á Akranesi verður blásið til málefnaþings vegna komu flóttafólksins. Mikilvægt sé að Rauði krossinn ræði hvernig eigi að vinna að aðlögun innflytjenda, hver séu okkar siðferðis- og menningarlegu mörk. “Umræðan þarf að komast upp á yfirborðið til þess að þeir sem nærast á fordómum nái ekki yfirhöndinni í umræðunni og búi til andrúmsloft sem er hugsjónum Rauða krossins neikvætt” sagði Sveinn. Hann þakkaði stjórn og sjálfbóðaliðum fyrir allt þeirra góða starf og heitir á félagið að standa á bak við þá sjálfbóðaliða sem kunna að lenda í ólgusjó þegar þeir eru að sinna málefnum og hugsjónum Rauða krossins í framtíðinni.

Tillaga til stjórnar

Katrín Matthíasdóttir Garðabæjardeild lagði fram eftirfarandi tillögu til stjórnar félagsins. „Í dag vitum við að athafnir manna hafa valdið hlýnandi veðurfari og munu hafa í för með sér frekari hlýnun. Hér nægir að benda á síðustu skýrslu Milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar frá árinu 2007 (The Intergovernmental Panel on Climate Change, IPCC).

Rauði krossinn í Þýskalandi hefur bent á að náttúruhamfarir vegna öfgakenndra veðurskilyrða hafa aukist úr 200 á árinu 1990 í 400 á síðustu tveimur árum. Tugir milljóna manna eru í hættu og þá aðallega í hinum fátækari löndum.

Á árinu 2007 hét Rauði kross Íslands því að vekja athygli stjórnvalda á áhrifum loftslagsbreytinga á fátækari ríki. Það er þarft og mikilvægt mál. Hlutverk Rauða krossins í framtíðinni mun í auknum mæli snúast um neyðaraðstoð og að hjálpa fólki að “lifa af” afleiðingar loftslagsbreytinga. Mikilvægt er að vinna markvisst að þessum málum og að sama skapi upplýsa almenning um þessa mestu vá sem að heiminum steðjar og jafnvel taka höndum saman við umhverfissamtök um fræðslu hér að lútandi, því það er hægt að snúa þessari þróun við. Einnig væri ákjósanlegt, að Rauði krossinn gengi á undan með góðu fordæmi og æki um á umhverfisvænum bílum, deildir landsins kæmu sér upp flokkunartunnum o.s.frv.”

Til að koma þessum málum sem best áleiðis legg ég til að starfshópur um loftslags- og umhverfismál verði stofnaður. Ég er til í að vinna að því með stjórn Rauða krossins að koma upp starfshóp sem þessum á laggirnar, sagði Katrín.

Fundarhlé – hádegisverður í boði Kópavogsbæjar kl. 12:20 – 13:24

Fundarstjóri sagði frá bæklingi til styrktar matjurtagörðum í Gambíu sem konur í Gambíu vinna að og Vestfjarðardeildir eru að safna fyrir.

9. Lagabreytingar

Engar tillögur til lagabreytinga lágu fyrir

10. Kosning formanns samkvæmt 7. gr.

Hörður Högnason, formaður kjörnefndar, flutti tillögu kjörnefndar.

Ómar H. Kristmundsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður. Kjörnefnd leggur til að Anna Stefánsdóttir verði kjörin formaður Rauða kross Íslands til tveggja ára. Anna er fædd 1947 í Svarfaðardal. Hún er hjúkrunarfræðingur að mennt og lauk námi í gjörgæsluhjúkrun frá Háskólasjúkrahúsinu í Edinborg í Skotlandi árið 1975 og meistaranámi í hjúkrunarstjórnun frá Edinborgarháskóla árið 1988. Anna hefur setið í stjórn Rauða kross Íslands frá árinu 2002 og er nú varaformaður. Anna er félagi í Kópavogsdeild Rauða krossins. Engin önnur framboð komu fram. Samþykkt með lófataki.

11. Kosning fimm stjórnarmanna samkvæmt 7. gr.

Hörður Högnason, formaður kjörnefndar, flutti tillögu kjörnefndar.

Þeir stjórnarmenn sem hafa lokið tveggja ára kjörtímabili eru: Anna Stefánsdóttir, Ester Brune, Gunnar Frímansson, Sigríður Magnúsdóttir og Þórdís Magnúsdóttir. Búið er að kjósa Önnu sem formann og hinir fjórir gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Leggur kjörnefnd til að þau verði endurkjörin til tveggja ára. Einnig gerir kjörnefndin þá tillögu að Anh-Dao Tran, Reykjavíkureild, verði kjörin til setu í stjórn Rauða kross Íslands til tveggja ára. Anh-Dao er fædd í Víetnam árið 1959 og hlaut íslenskan ríkisborgararétt árið 1990. Hún er nú verkefnisstjóri við verkefnið “Framtíð í nýju landi, jafnrétti ungs fólks af erlendum uppruna til náms” og stjórnarmaður í Reykjavíkureild Rauða krossins. Engin önnur framboð komu fram. Samþykkt með lófataki.

12. Kosning tveggja skoðunarmanna

Hörður Högnason, formaður kjörnefndar, flutti tillögu kjörnefndar.

Kjörnefnd leggur til að skoðunarmenn félagsins, þeir Jón Kr. Sólnes og Ólafur Reimar Gunnarsson, verði endurkjörin til eins árs og var það samþykkt með lófataki.

Málstofur um innflytjendaverkefni deilda

Kl.	Stofa	Deild	Efni
13:45 – 14:15	1	Fjarðabyggðardeildir	Nýir íbúar á góðum stað
13:45 – 14:15	2	URKÍ-R	Heimanám barna af erlendum uppruna
13:45 – 14:15	3	Garðabæjardeild	Félagsvinir-mentor er málið
13:45 – 14:15	4	Landsskrifstofa	Námskeið og fræðsla í tengslum við innflytjendastarf
13:45 – 14:15	5	Kópavogsdeild	Alþjóðlegir foreldrar
14:20 – 14:50	1	Hafnarfjarðardeild	Lífandi bókasafn
14:20 – 14:50	2	Akranesdeild	Þjónusta við útlendinga með lögheimili á Akranesi
14:20 – 14:50	3	Reykjavíkureild	Flóttamannaverkefnið – stuðningsfjölskyldur
14:20 – 14:50	4	Landsskrifstofa	Námskeið og fræðsla í tengslum við innflytjendastarf
14:20 – 14:50	5	Skagafjarðardeild	Þjóðakvöld

Kaffihlé

13. Umræður um helstu stefnumál og markmið.

Afgreitt án umræðu

14. Önnur mál

Einar Guðbjartsson, Kjósasýsludeild, formaður svæðisráðs höfuðborgarsvæðis.

Sagði frá aukasvæðisfundi sem haldinn var í hádeginu þar sem skrifað var undir nýjan samstarfssamning allra deilda á höfuðborgarsvæðinu um söfnun, flokkun og sölu á notuðum fatnaði. Nú situr 3ja manna verkefnastjórn yfir verkefninu og er það í fyrsta skipti. Velta á sl. ári var um kr. 50 milljónir og gengur verkefnið vel. Verkefni fataflokunar frá 2003 hafa því skilað 25 milljónum sem runnið hafa í hjálparsjóð. Þórir Guðmundsson var kosinn formaður nýrrar verkefnastjórnar og fyrsta verkefni hennar

er að finna nýtt húsnæði fyrir starfsemina. Sjö þúsund tonn af fatnaði eru flutt frá Íslandi til útlanda, gefins og seld. Nú er verkefni fataflokunar alfarið á ábyrgð deilda á höfuðborgarsvæðinu.

Einar afhenti síðan nýjum formanni Rauða krossins, Önnu Stefánsdóttur, bréf vegna 8 milljóna króna framlags í hjálparsjóð.

Helgi Ívarsson, Hafnarfjarðardeild:

Ræddi tryggingarmál sjálfboðaliða. “Mikilvægt er að stjórnarmenn í deildum félagsins geri sér grein fyrir hvað tryggingar sjálfboðaliða fela í sér og hvað ekki. Tilfni þessarar ábendingar er að nýlega varð sjálfboðaliði Hafnarfjarðardeildar fyrir því að slasast við sjálfboðin störf í Rauðakrossbúðinni. Hlaust við þetta nokkur kostnaður svo ekki sé talað um óþægindi fyrir sjálfboðaliðann. Menn töldu alltaf að sjálfboðaliðasamningurinn tryggði sjálfboðaliða okkar í störfum en þegar á reyndi var það ekki rétt.

Gerð sjálfboðaliðasamninga hjá félaginu var mikið framfaraskref á sínum tíma og ekki ætlun okkar að gagnrýna þá, þvert á móti. Við teljum þó hugsanlegt að menn telji þær tryggingar sem minnst er á í tengslum við samninginn mun viðameiri en þær eru í raun og veru. Undir tryggingaskilmálum sjálfboðaliðasamningsins eru einungis tryggðir þeir sjálfboðaliðar sem verða fyrir vinnutapi eða varanlegri örorku eða þurfa að leita tannlækninga í kjölfar slyss. Sjálfboðaliðar sem komnir eru á eftirlaun, eru námsmenn eða á örorkubótum njóta ekki neinna trygginga í þessu sambandi. Sjálfboðaliðar okkar eru ekki tryggðir komi til handalögmála s.s. í heimsóknum, við störf í búðum, athvörfum eða í unglingastarfi. Þeir eru heldur ekki tryggðir ef þeir detta og t.d. fótbrotna. Kostnaður vegna slyssins, sem vakti okkur í Hafnarfirði til umhugsunar, var greiddur að fullu af fataflokunarverkefni deildanna á höfuðborgarsvæðinu. Sjálfboðaliðinn fékk því kostnað sinn endurgreiddan.

Við hjá Hafnarfjarðardeild teljum mikilvægt að félagið setji sér einhverjar vinnureglur vegna slysa sem ekki falla undir þær tryggingar sem félagið hefur nú þegar. Við teljum mikilvægt að sjálfboðaliðar okkar beri ekki kostnað af smávægilegum slysum sem geta orðið þegar þeir vinna sjálfboðin störf og að allar deildir félagsins bregðist eins við í slíkum málum. Einnig þurfum við að móta stefnu um hvernig við bregðumst við í alvarlegri tilfellum sem falla utan núverandi trygginga eins og ef ráðist yrði á sjálfboðaliða okkar.

Við höfum þegar bent landsskrifstofu á þessi mál og komið hefur verið á fót vinnuhópi sem skoða á þessi mál, en þar eiga sæti auk starfsmanns landsskrifstofu, framkvæmdastjóri Hafnarfjarðardeildar og starfsmaður Reykjavíkurdeildar. Það er nauðsynlegt að félagið marki sér stefnu hvað varðar skyldur og ábyrgð gagnvart sjálfboðaliðum. Við vildum nota tækifærið hér til að vekja athygli allra deilda á þessum málum. Við hvetjum deildir til að fylgjast vel með þessari vinnu og ræða þessi mál í sínum stjórnnum. Við vitum aldrei hvar næsta slys verður.”

Tillaga til stjórnar

Einar Guðbjartsson, Kjósarsýsludeild

Ræddi fjárhagslegt umhverfi deilda. Þær séu misstórar og hafi mismunandi tekjustofna.

Einar lagði fram tillögu til stjórnar: “*Að stjórn Rauða kross Íslands skipi 5 manna vinnuhóp sem hefur það markmið að skoða fjárhagslegt umhverfi deilda Rauða kross Íslands*”

Markmiðið sé að fá betri yfirsýn og áhrif á deildir í því fjárhagslega umhverfi er þær búa við í dag. Vinnuhópi er ætlað að skila skýrslu í janúar 2009, kynni hana fyrir deildum í febrúar/mars 2009 og geri tillögu um lagabreytingar fyrir næsta aðalfund ef með þarf.

Jón Þorsteinn Sigurðsson formaður URKÍ

Kynnti stjórn URKÍ, sem kosin var á landsfundi í apríl sl. Markmið og stefna var kynnt á landsfundinum og hvetur Jón deildarfólk til að fara maður á mann og finna ungt fólk til að taka þátt í nefndum. Þrjár nefndir hafa verið skipaðar: ritnefnd, alþjóðanefnd og verkefnanefnd. Jón vonar eftir góðu samstarfi við stjórn og landsskrifstofu á komandi starfsári og þakkar Ómari fyrrv. formanni fyrir gott samstarf.

Sveinn Þorsteinsson, formaður Víkurdeildar

Vakti athygli á myndasýningu í hléi frá Vík í Mýrdal og bauð fyrir hönd Víkurdeildar Rauða krossins og sveitarfélagsins Mýrdalshrepps félaga velkomna á aðalfund að ári í Vík í Mýrdal .

Unnur Hjálmarsdóttir, Reykjavíkurdeild

Benti á atriði í framkvæmdaáætlun félagsins, hvað varðar alþjóðamálefni að Rauði kross Íslands verði virkur þátttakandi í umræðu um alþjóðlegt hjálparstarf og mannúðarlög. Það sé mikið af finum verkefnum en “hvernig ætlum við að gera þetta?” spyr Unnur. Unni finnst við ekki standa okkur nógu vel, séum hvorki nógu leiðandi eða vekjum til umræðu, né tökum nægan þátt í þeirri umræðu sem er í þjóðfélaginu. Hún hvetur alla til að vera meiri vakandi.

Unnur segir vanta kynningu á kjörnefnd og finnst henni að kjörnefnd ætti að láta deildir vita þegar sæti losnar í stjórn. Það eigi að vera skylda kjörnefndar að auglýsa að verið sé að leita að fólki í stjórn og við eigum ekki að vera hrædd við kosningu. Unni fannst gaman að sjá hvað margir starfsmenn félagsins væru mættir á fundinn og óskaði Kópavogsdeild til hamingju með afmælið og benti á að verkefnið “Á flóttu” er 10 ára í ár. Að lokum þakkaði Unnur Ómari fyrrv. form. fyrir hans störf og óskaði Önnu formanni velfarnaðar í starfi.

Garðar H. Guðjónsson, formaður Kópavogsdeildar

Byrjaði á því að þakka Einari formanni svæðisráðs á höfuðborgarsvæðinu fyrir að vekja athygli á þeim merka gjörningi sem átti sér stað í hádeginu varðandi

fataflokkunarverkefnið og verður kallað héðan í frá fatasöfnun. Garðar óskaði Þóri og hans félögum velfarnaðar í starfi. Garðar bætti benti á að verkefnið eigi sér fleiri hliðar; þetta sé félagslegt verkefni, fjáröflunarverkefni sem skilar afgangi til góðra verkefna og hafi nýst mjög vel sem útbreiðsluverkefni. Margir hafi kynnst Rauða krossinum í gegnum verkefnið og vikulega sé úthlutun á fatnaði til fólks sem þurfi á því að halda. Þetta sé verkefni fyrir allt landið. Garðar þakkaði Helga fyrir að vekja máls á tryggingum sjálfbóðaliða og treysti því að félagið skoðaði þetta vel. Garðar tók undir með Unni að kjörnefnd þyrfti að koma upplýsingum betur áleiðis svo deildir gætu kynnt málið betur fyrir félögum. Garðar óskaði nýjum formanni velfarnaðar í starfi um leið og hann þakkaði Ómari fyrir ánægjulegt samstarf. Ómar skildi eftir sig spor og við ættum eftir að vinna að ýmsum verkefnum sem minni okkur á hann.

Ólafur Reimar Gunnarsson, formaður Garðabæjardeildar

Ólafur byrjaði á því að óska Önnu til hamingju með kjörið, þakkaði Ómari fyrir samstarfið og árnaði nýrri stjórn velfarnaðar í störfum.

Tryggingarmálin komu Ólafi á óvart, hélt þau væru í góðum farvegi og allir okkar sjálfbóðaliðar væru vel tryggðir. Hann sagði gott að málið væri komið upp og vonar að það sofni ekki í neinum nefndum og vinnuhópurinn vinni hratt og vel. Ólafur minntist á kynningu á starfi Rauða krossins og hvað deildir séu að gera. Garðabæjardeildin verður 45 ára í sumar, var stofnuð árið 1963. Ólafur las uppúr fréttablaði sem gefið var út 1979 og dreift var í hvert hús í Garðabæ vegna umræðna um það hve lítið deildum finnst þær vera að gera.

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

Ræddi tryggingamál sjálfbóðaliða og sagði að 3ja manna vinnuhópur sé að skoða málið og það verði klárað fljótt og vel. Það kom Kristjáni á óvart ef tryggingarnar næðu ekki yfir t.d. ofbeldi.

Tumi Kolbeinsson, Reykjavíkurdeild.

Þakkaði Ómari fyrir frábæra samvinnu í gegnum árin og óskaði Önnu velfarnaðar í nýju starfi. Varðandi tryggingamálin lét Reykjavíkurdeild skoða þau fyrir nokkrum árum og farið var í gegnum þessi mál fyrir deildina. Reykjavíkurdeild er með frjálsa ábyrgðatryggingu því það er ekki sjálfgefið að vera með mikla tryggingu, það getur kostað mikla peninga. Hins vegar geta deildir eða landsfélag komið með samræmdar reglur og ákveðið fyrir sitt leyti að greiða s.s. ef sjálfbóðaliði tynir eða eyðileggur gleraugu.

Anna Stefánsdóttir formaður Rauða kross Íslands

Þakkaði traustið sem henni er sýnt með því að vera kosin formaður. Sérstaklega sé ánægjulegt að fundurinn sé haldinn í Kópavogi, hennar heimabæ og á 50 ára afmæli Kópavogsdeildar. Anna bauð nýja stjórn velkomna til starfa og sérstaklega Anh-Dao

Tran nýjan stjórnarmann. Það sé mikill akkur fyrir stjórnina að fá hana til liðs við sig með hennar miklu reynslu og þekkingu á störfum t.d. með innflytjendum. „Það hefur komið hér fram í dag hve öflugt félag Rauði kross Íslands er, hugmyndaauðgi og framkvæmdagleði félaga er mikil þegar kemur að nýjum verkefnum. En sífelld þörf er í okkar ágæta samfélagi fyrir aðkomu og framlag Rauða krossins til að bæta líðan og aðbúnað fólks. 650 nýir sjálfbóðaliðar gengu til liðs við félagið á síðasta ári og er það mikill styrkur fyrir okkur að fá þetta öfluga fólk til starfa. Það skiptir miklu máli að við nýtum þann kraft sem ríkir í nýjum félögum til verkefna og til þess að fá nýjar hugmyndir að nýjum verkefnum“ sagði Anna Stefánsdóttir.

Anna minnti á að á síðasta aðalfundi samþykktum við endurskoðaða stefnu félagsins. Stefnan sé lifandi plagg og skapi sem slík ótal verkefni og möguleika til fjölbreyttra verkefna. Anna nefndi örfá verkefni t.d. með ungu fólki, sérstaklega með ungum innflytjendum og börnum innflytjenda. Málefndi innflytjenda í sinni víðustu mynd, mörg verkefni því tengd hafi verið kynnt hér í dag þannig að greinilega sé mikil gróska innan félagsins í þessum málaflokki.

„Ómar Kristmundsson kveður okkur í dag sem formaður. Ómar hefur starfað lengi fyrir Rauða krossinn og sett mark sitt á starfið eins og oft hefur komið fram hér í dag með framsækni og dugnaði. Hann átti ríkan þátt í að móta þá stefnu sem við störfum eftir í dag og eigum eftir að starfa eftir í framtíðinni. Hann hefur þess vegna sett mark sitt á allt starf Rauða krossins undanfarin ár. Ómar hefur líka leitt starf stjórnar af festu, mildi og hógværd. Það má segja að hans hafi notið of stutt við sem formanns en við höfum skilning á þeim aðstæðum sem nú eru hjá honum og að hann kaus að hverfa frá þessu starfi“ sagði Anna.

Fyrir hönd félagsins færði Anna Ómari gjöf með kæru þakklæti fyrir framlag hans til Rauða kross Íslands.

Fleiri tóku ekki til máls undir liðnum önnur mál Fundarstjóri þakkaði síðan fundarmönnum fyrir fundinn og gaf fráfarandi formanni orðið.

Fundarslit:

Ómar H. Kristmundsson, fráfarandi formaður Rauða kross Íslands, þakkaði fyrir góð orð og kveðjur. Hann vonaði að hann hefði sett mark sitt á starf félagsins eins og aðrir sjálfbóðaliðar og starfsmenn hreyfingarinnar. Ómar óskaði síðan nýjum formanni til hamingju og velfarnaðar í starfi og kvaðst sannfærður um að Anna muni sinna þessu embætti af þeim dugnaði og krafti sem einkennt hefur störf hennar bæði innan félagsins sem utan. Ómar óskaði nýjum stjórnarmanni, Anh-Dao Tran, til hamingju með kjörið og sagði að það væri mikils virði fyrir landsfélagið að fá einstakling til liðs við sig eins og Anh-Dao sem hefur unnið ötullega að málefnum innflytjenda. Ómar sagði að það væri gaman að vera í Rauða krossinum og starfa sem formaður félagsins en allt hefði sinn tíma. Skemmtilegast sé að móta verkefni og taka þátt í hugmyndavinnu

og eiga í rökræðum. Ómar segir það hafa gefið sér mikið að kynnast öðrum sjálfboðaliðum og fólkinu á bak við verkefni og eitt það skemmtilegasta sem hann hafi gert hafi verið að heimsækja deildir. Ómar talaði um verðmæti í sjálfboðaliðum ekki peningum. Að lokum þakkaði hann öllum fyrir gott samstarf. Ómar minntist sérstaklega á tvo starfsmenn landskrifstofu: Helgu Halldórsdóttur sviðsstjóra innanlandssviðs sem hafi vakin og sofin unnið að verkefnum með hvatningu og mátulegri ýtni. Helga og hennar starfsfólk eigi mikið í þeim fjölmörgu innanlandsverkefnum sem sett hafa verið á laggimar á undanförmum árum. Kristjáni Sturlusyni framkvæmdastjóra þakkaði Ómar fyrir frábært samstarf. Þakkaði hann góða fundarsetu og fundarstjórn og öllum þeim er komu að undirbúningi fundarins s.s. landskrifstofu og Kópavogsdeild.

Fundi slitið kl.16:10.

Kvöldverður og skemmtun í Versölum, lónaðarmannahúsinu, Hallveigarstíg.